

117

18. júlí

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur. Heimilt er að auka sjóðinn með gjöfum og áheitum.

3. gr.

4. gr.

Ávaxta skal sjóðinn í Sparisjóði Hróttfirðinga, eða á annan eigi ótryggari hátt.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að góðri meðferð og öruggri fóðrun búfjár í Bæjarhreppi, með því að veita verðlaun þeim, sem að álit forðagæzlumanna skara fram úr öðrum um góða meðferð á búfé sinu og gætilegan ásetning, svo og síðar meir, þegar fjárhagur sjóðsins leyfir, sbr. 7. gr., að veita styrki til jarðræktar.

6. gr.

Verðlaun úr sjóðnum skal fyrst um sinn veita fimmta hvert ár, einum manni í senn, og má upphæð verðlaunanna ekki fara fram úr tvöföldum ársvöxtum af höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir yfir 100 krónur, má verja helmingi þeirra til verðlauna og styrks, samkvæmt 5. gr. Styrkur til jarðræktar skal einkum veittur fátækari, dugandi mönnum, og ganga þeir, að öðru jöfnu, fyrir, sem hafa stofnað nýbýli í hreppnum.

8. gr.

Hreppsnefnd Bæjarhrepps hefur stjórn sjóðsins á hendi. Annast hún reikningshald sjóðsins, styrkveitingar og annað, er honum við kemur. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af sýslunefnd Strandasýslu, ásamt hreppsreikningum Bæjarhrepps.

9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Ljótunnarstöðum, 10. júní 1944.

Guðjón Guðmundsson.

118

1. ágúst

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi, nr. 185 13. nóvember 1941.

Öll gjöld samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar skulu innheimtast með 100% viðauka.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.